

Fundargerð stjórnar Foreldrafélags Kærabæjar Kirkjubæjarklaustri, 2019

2. fundur Foreldrafélags Kærabæjar haldin 3. 12. 2019 kl. 20.00 að Skaftárvöllum 5.

Mættir: Sólveig Ólafsdóttir, Bjarni Bjarnason, María Björk Þorsteinsdóttir og Herdís Huld Guðveigardóttir

Formaður setur fund og ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Jólagjafir
Farið yfir tilboð og valdar bækur til að gefa krökkunum á litlu jólum leikskólans 20. desember. Tvær bækur valda, önnu fyrir eldri deildina og hin fyrir yngri deildina.
2. Nýr gjaldkeri
Umboð nýs gjaldkera undirritað en Bjarni Bjarnason tekur við gjaldkerastöðu af Lindu Ösp Gunnarsdóttur.
3. Bæklingur
Verið er að leggja loka hönd á bækling foreldrafélagsins. Áætlað að senda hann út til foreldra eftir áramót. Bæklingurinn verður á íslensku og ensku til að byrja með en verður hugsanlega einnig prentaður á pólsku.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.00.